

# BFG

*Persónurnar í þessari bók eru:*

## **Manneskjur:**

Bretadrottning

María, þerna drottningar

Hr. Tibbs, yfirþjónn í höllu drottningar

Yfirmaður landhersins

Yfirmaður flughersins

*Og síðast en ekki síst, Soffía, munaðarleysingi*

## **Risar:**

Kjötflykkisætan

Beinabryðjarinn

Mannkreistarinn

Krakkakjamsarinn

Tólgarslafrarinn

Innvolsgleypirinn

Þernustapparinn

Blóðbelgurinn

Sláturssláninn

*Og síðast en ekki síst, BFG*

## Lágnætti

Soffía var andvaka.

Ljómandi tunglsgeisli féll skáhallt inn um rifu á milli gluggatjaldanna. Hann skein beint á koddann hennar.

Hin börnin í svefnsalnum voru sofnuð fyrir löngu.

Soffía lokaði augunum og lá grafkyrr. Hún reyndi eins og hún gat að sofna.

Það gekk ekki. Tunglgeislinn smaug eins og silfrað sverð í gegnum herbergið og lýsti á andlit hennar.

Fullkomin kyrrð ríkti í húsinu. Engar raddir bárust upp frá neðri hæðinni. Ekkert fótatak heyrðist heldur frá efri hæðinni.

Glugginn bak við gluggatjöldin var galopinn, en enginn var á gangi á gangstéttinni fyrir utan. Engir bílar voru á ferð um götuna. Hvorki heyrðist hósti né stuna. Soffía hafði aldrei kynnst svona þögn.

Kannski var þetta það sem kallað er lágnætti, hugsaði Soffía með sér.

Einhverju sinni hafði því verið hvíslað að henni að lágnætti væri sérstakur tími um miðbik nætur þegar öll börn og allir fullorðnir væru í djúpum djúpum svefni og allar myrkraverur kæmu úr fylgsnum sínum og ættu heiminn fyrir sig.

Tunglgeislinn skein enn skærar en áður á kodd Soffíu. Hún ákvað að standa upp og draga betur fyrir.

Manni var refsað fyrir að vera ekki í rúminu eftir að ljósin voru slökkt, ef upp komst. Jafnvel þó maður segði að maður þyrfti að fara á snyrtinguna var það ekki nógu góð afsökun og manni var samt refsað. En nú var Soffía viss um að enginn væri á ferli.

Hún teygði sig eftir gleraugunum sínum sem lágu á stólnum við rúmið. Gleraugun voru með stálumgjörð og mjög þykkum glerjum og hún sá ekki baun án þeirra. Hún lét þau á sig og smeygði sér svo fram úr rúminu og tiplaði á tánnum yfir að glugganum.

Hik kom á Soffú þegar hún nálgæðist gluggatjöldin. Hana langaði til að beygja sig undir þau og halla sér út um gluggann til að sjá hvernig heimurinn liti út um lágnættið.

Hún lagði aftur við hlustir. Grafarkyrrð var yfir öllu.

Löngunin eftir því að kíkja varð svo yfirþyrmandi að hún stóðst hana ekki. Í einu vetfangi beygði hún sig undir gluggatjöldin og hallaði sér út um gluggann.

Þorpsgatan, sem hún þekkti svo vel, leit allt öðruvísi út í silfruðu tunglskininu. Húsin virtust skökk og skrýtin, eins og hús í ævintýrum. Allt var dauft og draugalegt og mjólkurlitað.

Handan götunnar sá hún verslun maddömmu Rannsí, þar sem hægt var að kaupa tölur og efnavöru og teygjubönd. Verslunin virtist óraunveruleg. Svo var líka eitthvað drungalegt og þokukennt við hana.

Augu Soffú leituðu lengra og lengra niður eftir götunni.

Skyndilega lamaðist hún af hræðslu. *Eitthvað var að koma upp eftir gangstéttinni hinum megin við götuna.*

*Þetta var eitthvað svart ...*

*Eitthvað hávaxið og svart ...*

*Eitthvað mjög hávaxið og mjög svart og mjög mjóslegið.*

## Hver?

Þetta var ekki mennskt. Það gat ekki verið. Það var fjórum sinnum hærra en hávaxnasti maður. Það var svo hávaxið að höfuð þess náði upp fyrir gluggana á annarri hæð húsanna. Soffía opnaði munninn til að öskra, en ekkert hljóð kom. Háls hennar, líkt og allur líkaminn, var sem lamaður.

Þetta var svo sannarlega lágnættið.

Svarta hávaxna fyrirbærið kom í átt til hennar. Það hélt sig mjög nálægt húsunum hinum megin á götunni, í skjóli skuggans þar sem tungsljósið náði ekki að skína.

Það nálgæðist sífellt, kom nær og nær. En göngulagið var skrykkjótt. Það stansaði, hélt síðan áfram og stansaði svo aftur.

En hvað í ósköpunum var það að gera?

Ja-há! Nú sá Soffía hvað það var að gera. Það nam staðar fyrir framan sérhvert hús. Það nam staðar og kíkta inn um glugga á annarri hæð allra húsanna í götunni. Það þurfti raunar að beygja sig niður til að gægjast inn um gluggana á annarri hæð. Svo hávaxið var það.

Það nam staðar og gægðist inn. Síðan leið það áfram að næsta húsi og nam aftur staðar og gægðist inn og þannig gekk það upp með allri götunni.

Núna var það komið mun nær og Soffía sá það betur.

Eftir að hafa skoðað það nákvæmlega, komst Soffía að þeirri niðurstöðu að þetta *hlyti* að vera einhvers konar VERA. Augljóslega ekki mannvera. En þetta var örugglega einhver VERA.

RISAVERA, kannski.

Soffía starði ákaft yfir þokukennda, tunglbjarta götuna. Risinn (ef það var rétta orðið) var í síðri SVARTRI SKIKKJU.

Í annarri hendi hélt hann á einhverju sem leit út fyrir að vera MJÖG LANGT, MJÓTT TROMPET.

Í hinni hendinni hélt hann á STÓRRI FERÐATÖSKU.

Risinn hafði numið staðar fyrir framan hús nágrannanna. Fjölskyldan rak ávaxta- og grænmetisbúð í Aðalgötu og bjó fyrir ofan búðina. Soffía vissi að börnin tvö sváfu í svefnherberginu á annarri hæð sem vísaði að götunni.

Risinn var að gægjast inn um gluggann á herbergi þar sem systkinin Mikael og Júlía sváfu. Handan götunnar fylgdist Soffía með og hélt niðri í sér andanum.

Hún sá risann taka skref aftur á bak og setja ferðatöskuna niður á gangstéttina. Hann beygði sig yfir hana og opnaði. Hann tók eitthvað upp úr ferðatöskunni. Það leit út eins og glerkrukka, ein af þessum ferköntuðu með skrúfuðu loki. Hann skrúfaði lokið af krukunni og hellti innihaldi hennar ofan í annan enda langa trompetsins eða hvað þetta nú var.

Soffía fylgdist skjálfandi með.

Hún sá risann standa aftur upp og hún sá hann stinga trompetinu inn um opinn glugga efri hæðarinnar þar sem Mikael og Júlía sváfu. Hún sá risann draga djúpt að sér andann og svo blés hann í trompetið, *púff*.

Ekkert hljóð kom, en Soffíu duldist ekki að innihaldi krukunnar, hvað sem það nú var, hafði nú verið blásið í gegnum trompetið inn í svefnherbergi barnanna.

Hvað gæti þetta hafa verið?

Um leið og risinn dró trompetið til baka út um gluggann og beygði sig niður til að ná í ferðatöskuna, vildi svo til að hann sneri höfðinu og leit yfir götuna.

Í tunglskininu kom Soffía auga á gríðarlega langt, fölt, hrukkað andlit með alveg gríðarlega stór eyru. Nefið var hvasst eins og hnífsblað og fyrir ofan það voru tvö björt, leiftrandi augu og augun horfðu beint á Soffíu. Augnaráðið virtist tryllt og djöfullegt.

Soffía gaf frá sér hálfkæft óp og hörfaði frá glugganum. Hún hentist yfir svefnalinn og stökk upp í rúmið sitt og faldi sig undir sænginni.

Og þarna lá hún samanhnipruð og grafkyrr með fiðring um sig alla.